

Innkaupastefna Hörpu

Tilgangur og markmið

Innkaupastefna Hörpu er byggð á [innkaupastefnu ríkisins frá 2021](#) og lögum um opinber innkaup nr. 120/2016. Stefnunni er ætlað að stuðla að vönduðum, vistvænum og hagkvæmum innkaupum á þjónustu og vörum.

Markmið innkaupastefnu Hörpu er að við innkaup á vörum og þjónustu sé markvissum og skipulögðum vinnubrögðum beitt og farið að lögum og reglum um opinber innkaup. Gæta skal að vistvænum og sjálfbærum rekstri og stuðla að nýsköpun og nýta stafrænar innkaupaleiðir þegar því verður við komið. Leiðarljósin eru jafnræði, gagnsæi og heiðarleiki. Innkaupastefna og tengdar verklagsreglur skulu stuðla að heilbrigðri samkeppni og koma í veg fyrir ómálefnalega mismunun.

Áherslur

- Að leita ávallt hagstæðustu leiða í öllum innkaupum að teknu tilliti til gæðakrafna.
- Huga ávallt að vistvænum/sjálfbærum innkaupum þegar því verður við komið.
- Ástunda heiðarleg viðskipti, þar sem jafnræði, gagnsæi og hagkvæmni eru höfð að leiðarljósi.
- Innkaup skulu stuðla að heilbrigðri samkeppni og koma í veg fyrir mismunun.
- Nýta rammisamninga Ríkiskaupa þar sem þeim er við komið.
- Fara eftir lögum og reglum um opinber innkaup og bjóða út kaup á vörum og þjónustu sem eru yfir viðmiðunarmörkum. Viðmið Ríkiskaupa á hverjum tíma sjá [hér](#).
- Gera skal einfaldar og markvissar verðkannanir hjá fleiri en einum aðila fari vöru- og þjónustukaup yfir viðmiðunarmörk.

Innkaupastefnan skal kynnt stjórn, stjórnendum og því starfsfólki félagsins sem fer með innkaup og skal yfirfarin og endurskoðuð með reglubundnum hætti.

Siðareglur

Starfsfólk skal forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á þeim. Þetta á einnig við ef breytingar verða á högum starfsfólks sem valdið geta slíkum hagsmunaárekstrum.

Starfsfólk misnotar ekki stöðu sína í Hörpu í þágu einkahagsmuna sinna eða tengdra aðila, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar sbr. siðareglur Hörpu

Starfsfólk skal upplýsa næsta yfirmann ef einhver vafi er um slíkt og stjórnarmenn skulu upplýsa formann á sama hátt. Ávallt skal hafa fagleg sjónarmið, innkaupastefnu og innkaupareglur að leiðarljósi við innkaup á vörum og þjónustu á vegum Hörpu.

Starfsfólki og stjórnarmönnum er ekki heimilt að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum, birgjum eða öðrum þeim er leita eftir að eiga viðskipti við Hörpu nema að um sé að ræða óveruleg verðmæti.

Starfsfólki er óheimilt að þiggja gjafir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu. Leiki vafi á því hvort verðmæti séu umfram viðmið skal hafa samráð og leita heimildar hjá næsta yfirmanni.

Ábyrgð

Forstjóri félagsins ber ábyrgð á innkaupastefnunni og markmiðum hennar.

Fjármálastjóri ber ábyrgð á innleiðingu innkaupastefnunnar, auk þess að sinna fræðsluhlutverki og hafa eftirliti með að unnið sé í samræmi við hana.

Reykjavík 1. nóvember 2022.

